

Mál nr. 61/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á bifreiðastæði við Grensásveg þann 12.03. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.04. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var báðum ekið aftur á bak úr bifreiðastæðum á móti hvor annarri. Samkvæmt sameiginlegri tjónstilkynningu var A kyrrstæð.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita segist ökumaður B hafa verið að bakka en ökumaður A segist hafa verið kyrrstæður.

Óþarft er að geta frásagna aðila í umfjöllun þessari.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, þ.á m. sameiginlegri tjónstilkynningu og frásögnum aðila, ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum. Hann gætti ekki nægjanlegrar varðúðar er hann ók aftur á bak sbr. 17. gr. umferðarlaga.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu ökumanns A miðað við gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 2. maí 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.